

Alþingi
Erindi nr. P 128/1010
komudagur 17. 2. 2003



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Alþingi
bt. Alherjarnefndar Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2003

Umsögn um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarmenn

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur fengið til umsagnar frumvarp um björgunarsveitir og björgunarmenn.

Frumvarpinu er fagnað og innihaldi þess, því að það tryggir og skilgreinir, hlutverk og skyldur björgunarsveita og björgunarmanna.

Fulltrúar samtakanna voru virkir aðilar að gerð frumvarpsins og gerir Slysavarnafélagið Landsbjörg því ekki athugasemdir við frumvarpið.

Eitt atriði viljum við þó nefna sem nauðsyn í tengslum við þetta frumvarp. Nauðsynlegt er að reglugerð skv. 3. mgr. 6. gr laga nr. 90/1996 um samskipti lögreglu og björgunarsveita verði sett hið fyrsta. Sérstaklega í ljósi þess að 3. gr. frumvarpsins styður það en frekar.

Okkur hefur verið tjáð að ástæða þess, að sú reglugerð hafi ekki verið sett sé meðferð ofangreinds frumvarps. Skorum við á nefndina að tryggja að því verði komið á framfæri við ráðuneytið.

Með kveðju,

Kristbjörn Óli Guðmundsson
Slysavarnafélaginu Landsbjörg